

KJARANEFND REYKJAVÍKURBORGAR

Borgarráð

Umsögn vegna fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks

Reykjavík, 30. maí 2018

Tilvísun: **R18050224**

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar fékk eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fundargerðir kjaranefndar til umsagnar.

BORGARRÁÐ 24.5.2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fundargerðir kjaranefndar

Frá því í janúar sl. hefur Kjartan Magnússon borgarfulltrúi árangurslaust óskað eftir því að fá sendar fundargerðir kjaranefndar Reykjavíkurborgar frá október 2016. Lagt er til að umræddar fundargerðir verði lagðar fyrir borgarráð. Jafnframt er lagt til að sá háttur verði hafður á framvegis að fundargerðir kjaranefndar verði lagðar fyrir ráðið jafnóðum.

Því skal haldið til haga að Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, sendi Kjaranefnd fyrirspurn í nokkrum liðum 21.12.2017 sem var svarað 17.01.2018. Í því svari kom m.a. fram að

„Fundargerðir kjaranefndar frá lok júní árið 2013 eru aðgengilegar fyrir alla þá sem heyra undir nefndina á lokuðu svæði tengdu innra neti Reykjavíkurborgar.“


Þá sendi borgarfulltrúi nýtt erindi 30. janúar 2018 í nokkrum liðum þar sem m.a. var óskað eftir að sjá fundargerðir nefndarinnar á tímabilinu frá október 2016. Því erindi var svarað svo:

„Eins og áður hefur verið upplýst eru fundargerðir kjaranefndar frá lok júní árið 2013 aðgengilegar fyrir þá sem heyra undir nefndina á lokuðu svæði tengdu innra neti Reykjavíkurborgar. Samkvæmt 35. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 átt þú sem borgarfulltrúi rétt til að kynna þér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í borgarstjórn. Með vísan til þess stendur þér til boða að kynna þér umræddar fundargerðir kjaranefndar hjá starfsmanni nefndarinnar og í samráði við hann.“

Kjartan Magnússon sendi þá erindi 8. febrúar 2018 þar sem hann óskaði eftir að honum yrðu sendar umræddar fundargerðir. Svar við því erindi barst 19. febrúar 2018 en þar sagði „Skv. svari kjaranefndar stendur þér til boða að kynna þér umræddar fundargerðir kjaranefndar hjá starfsmanni nefndarinnar og í samráði við hann. Þú mátt endilega kíkja við hjá mér eða ég get boðað þig á fund til að fara yfir fundargerðirnar“.

Telji borgarráð það heppilegra getur kjaranefnd sent fundargerðir til ráðsins jafnóðum.

Fyrir hönd kjaranefndar Reykjavíkurborgar



Inga Björg Hjaltadóttir, formaður